



EFNISYFIRLIT

Inngangur

Um Nora

Markmið og áherslusvið áætlunarinnar

North Atlantic Corona Challenge 2020

Þátttaka Íslands

Íslenskir styrkþegar

Útgefandi: Byggðastofnun
Sauðármýri 2
550 Sauðárkrókur

Netfang: postur@byggdastofnun.is


Veffang: www.byggdastofnun.is

Ábyrgð: Eva Pandora Baldursdóttir

Desember 2020

© 2020 Byggðastofnun

ISBN: 978-9935-518-01-9



INNGANGUR

Í þessari skýrslu leggur landstengiliður NORA á Íslandi, sem jafnframt er starfsmaður Byggðastofnunar, mat á þátttöku Íslands á vettvangi Norræna Atlantssamstarfið (NORA) á árunum 2017 - 2020.

Heildarframlag til NORA á tímabilinu eru 35,5 milljónir danskar krónur. Framlagið skiptist þannig að um 80% kemur frá Norrænu ráðherranefndinni þar sem NORA er partur af MR-NER hluta ráðherranefndarinnar og um 20% er bein framlög þátttökulandanna. Framlög þátttökulandanna eru misjöfn en Noregur leggur til 41%, Ísland 29%, Færeyjar 15% og Grænland 15%. Beint framlag Íslands til NORA samstarfsins á tímabilinu er um 2 milljónir danskra króna.

Íslendingar hafa verið duglegir að sækja í sjóðinn og hafa flest styrkt verkefni íslenska þátttakendur ásamt því að þónokkur eru leidd

af íslenskum aðilum og hefur þeim verkefnum fjölgað undanfarin ár. NORA hefur á tímabilinu styrkt 42 verkefni sem stuðla að eflingu atvinnulífs og byggða með auknu samstarfi á milli Íslands, Færeyja, Grænlands og norður- og vesturhluta Noregs og af þeim hafa Íslendingar tekið þátt í 34 verkefnum og leitt 10 þeirra.

Landstengiliður NORA á Íslandi er Eva Pandora Baldursdóttir, en tók hún við árið 2018 af Sigríði K. Þorgrímsdóttur sem hafði gegnt hlutverki landstengiliðar frá árinu 2006.

Íslensku fulltrúarnir í NORA nefndinni á tímabilinu voru Ásborg Ósk Arnþórsdóttir, Frosti Gíslason og Hermann Sæmundsson. Kristján Þ. Halldórsson tók formlega við af Hermann Sæmundssyni í NORA nefndinni og framkvæmdastjórn NORA á ársfundi í desember 2020.

UM NORA

[NORA](#) er samstarfsvettvangur Íslands, Færeyja, Grænlands og norður- og vesturhluta Noregs. NORA heyrir undir Norrænu ráðherranefndina og er hluti af norrænu samstarfi á sviði byggðamála og svæðasamstarfs. Aðalskrifstofa NORA er í Þórshöfn í Færeyjum og eru landsskrifstofur í hverju aðildarlandi. Byggðastofnun hefur umsjón með starfinu á Íslandi, en Ísland hefur þrjá fulltrúa í fulltrúanefnd NORA auk þess sem Samgöngu- og sveitarstjórnaráðuneytið leggur til fulltrúa í framkvæmdastjórn NORA.

NORA leggur áherslu á samstarf innan svæðisins og á miðlun reynslu og þekkingar í byggða- og atvinnumálum, sem og á nýsköpun og sjálfbæra þróun. NORA veitir styrki til verkefna sem stuðla að eflingu atvinnulífs og byggða með auknu samstarfi á milli landanna.

Á tímabilinu 2017 - 2020 hefur NORA lagt áherslu á að veita styrki til nýsköpunar á sviði sjávarútvegs og auðlinda hafsins; þróun atvinnutækifæra á sviði ferðaþjónustu, landbúnaðar og orkumála og verkefni á sviði upplýsingatækni, fjarskipta, samgangna og flutninga m.a. með það að markmiði að sigrast á fjarlægðum.

Hámarksstyrkur sem NORA veitir er 500.000 danskar krónur sem lengst er unnt að veita til þriggja ára og aðeins sem hluti af heildarfjármögnun verkefnisins, gegn 50% mótframlagi viðkomandi verkefnisaðila. Til að vera styrkhæf þurfa verkefnin að fela í sér samstarf á milli a.m.k. tveggja NORA landa.





MARKMIÐ OG ÁHERSLUSVIÐ ÁÆTLUNARINNAR

Grundvöllur [samstafsáætlunarinnar fyrir árið 2017 - 2020](#) eru **sjálfbær byggðapróun, skapandi og úrræðagóð samfélög** og **sjálfbærni í þróun þéttbýlis**. Einnig er unnið út frá skýrslu OECD, [Territorial Review of the NORA region 2011](#), sem er ítarlega greining á áskorunum og möguleikum á NORA-svæðin öllu. Í skýrslunni leggur OECD meðal annars til:

- Að gerð skuli heildaráætlun fyrir svæðið, þar sem er að finna nákvæman lista yfir sameiginlegar væntingar á hvaða sviðum samvinnan á NORA-svæðinu gæti verið og hvert markmið hennar sé. Fyrirmyndin er Eyrstrasaltsáætlun Evrópusambandsins, en OECD leggur til að við gerð slíkrar áætlunar gæti NORA gegnt hlutverki skipuleggjanda.
- Að NORA beri að styrkja sig í hlutverki tengiliðs milli fjarlæggra svæða í norðurhluta Evrópu og sambærilegra svæða Norður-Ameríku.
- Að bætt samgöngunet innan svæðisins eigi að vera í brennidepli í löndum NORA-svæðisins og hjá NORA sem samtökum.

Í framhaldi af skýrslu OECD var ákveðið árið 2014, í formennskutíð Íslendinga í Norrænu ráðherranefndinni að setja á stofn verkefni um þróun vestnorræna svæðisins. NORA var falið að sjá um framkvæmd þess og fékk það verkefnið heitið NAUST (Nordatlantisk utviklingsstrategi). Verkefnið hefur verið í gangi síðan og leggur Samgöngu- og sveitarstjórnaráðuneytið til fulltrúa í NAUST.

Eftirfarandi sérkenni svæðisins eru því höfð til grundvallar við áætlunina:

- **Miklar vegalengdir.** Á mörgum svæðum setja landfræðilegar aðstæður samstarfsmöguleikum skorður. Haf er á milli aðildarríkjanna og mjög langt er á milli byggðarlaga landanna á svæðinu, einkum á Grænlandi. Íbúar svæðisins geta ekki samsamað sig með sama hætti og aðrir íbúar á Norðurlöndunum.
- **Sjávarbyggðir.** Sjávarbyggðir einkenna svæðið. Yfirleitt er atvinnulíf slíkra byggðarlaga nátengt hafinu.
- **Lýðfræðileg skekkja.** Þéttbýlisvæðingin hefur alla jafna slæm áhrif á lýðfræðilega samsetningu á svæðinu. Einkum eru það konur og ungt fólk sem flytur úr dreifbýli í þéttbýli. Hvað Færeyjar og Grænland varðar er brottflutningurinn alvarlegri þar sem hann er oft úr landi.
- **Strjábýl svæði.** Svæðið er almennt strjálbýlt. Að Reykjavík og stærri bæjum við strandlengju Noregs frátöldum er erfiðleikum bundið að ná markfjölda (þeim fjölda fólks sem þarf til að samfélög séu sjálfbær) á öllum svæðum. Nú þegar er ljóst að flestir staðir ná ekki markfjölda.



• **Efnahagsleg veik svæði.** Efnahagslíf þessara svæða byggir gjarnan á sjávarútvegi sem gerir þau tiltölulega einhæf og þar með viðkvæm. Það er einkum á Íslandi (ferðapjónusta) og í Noregi (olíuiðnaður) þar sem tekist hefur að byggja upp aðrar atvinnugreinar sem ekki tengjast hafinu.

• **Kalt loftslag.** Auk þess að takmarka atvinnumöguleika torvelda loftslag og landfræðilegar aðstæður á svæðinu einnig samstarf, t.d. vegna þess að samgöngur geta verið bæði erfiðar og dýrar.

Áherslusviðunum má skipta í tvennt: **faglegt svið**, þar sem tilgreint er hvers konar aðilar á svæðinu geta sótt um verkefnisstyrki, og **ungu fólk á Norður-Atlantssvæðinu** en með því er ætlað að takast á við hinar lýðfræðilegu áskoranir, einkum þeir sem tengjast brottflutningi ungs fólks af svæðinu. Áherslusviðunum áætlunarinnar er í heild sinni ætlað að styðja við þá undirliggjandi þætti sem markmið áætlunarinnar byggjast á. Auk þess að stuðla að því að efla og þróa möguleika svæðisins eiga verkefnastyrkirnir að auka þekkingu og reynslu sem koma mun norrænu samstarfi í heild til góða.

Faglegu áherslusviðin eru eftirfarandi:

• **Skapandi greinar.** Með „skapandi greinum“ er átt við starfsemi sem sprettur úr sköpunargleði, þekkingu og hæfileikum fólks og sem eflir velferð og eykur atvinnutækifæri með því að skapa og nýta þekkingarauð.

• **Græn orka.** Þróa skal og innleiða grænar orkulausnir til sjós og lands.

• **Lífhagkerfi.** Nýsköpunarverkefni skulu stuðla að verðmætaaukningu með þróun vannýtts hráefnis, nýrrar verðmætasköpunar og sjálfbærrar matvælaframleiðslu.

• **Sjálfbær ferðapjónusta.** Ferðapjónustan á að leggja sitt af mörkum til að auka fjölbreytni í viðkvæmum hagkerfum á svæðinu um leið og sjálfbærni innan greinarinnar eykst.

• **Upplýsinga- og fjarskiptatækni.** Upplýsinga- og fjarskiptatækni er mikilvægur liður í að sigrast á fjarlægðum.

• **Velferðarþjónusta.** Samstarf á svæðinu, sem miðar að því að takast á við þær áskoranir sem miklar vegalengdir og skortur á markfjölda fagfólks og sjúklinga/skjólstæðinga skapa, skiptir sköpum fyrir framtíð svæðisins.

• **Öryggismál/viðbúnaður á hafi.** Vaxandi skipaumferð á Norður-Atlantssvæðinu og Norðurheimskautssvæðinu fylgja nýjar og flóknar áskoranir.

NORTH ATLANTIC CORONA CHALLENGE

2020 hefur verið fordæmalaust ár. Heimsfaraldur setti vanagang fólks í upplausn og nýjar forsendur kölluðu á nýjar og skapandi lausnir í atvinnumálum. Mörg fyrirtæki áttu, og eiga enn, undir högg að sækja. Tekjustofnar minnkuðu eða hurfu, svo sem í ferðaþjónustu, þar sem framtíðin einkenndist af óvissu og óöryggi.

En það er í þessum árfarvegi sem markaðir og lausnir hafa þróast hratt. Leiðarminnið hefur verið að fjarlægðir milli fólks og þjónustu þurfi ekki lengur að vera hindrun, heldur eðlileg breyta í nútíma viðskiptum. Mörg íslensk fyrirtæki hafa blásið til sóknar með lausnum sem hafa sýnt sig geta greitt götu íslenskra smáfyrirtækja á heimsmarkaði, og er það vel.

Í maí 2020 skipulagði NORA fjölþjóðlegt hakaþon, [North Atlantic Corona Challenge \(NACC\)](#), fyrir ungmenni (18-30 ára) á Íslandi, Færeyjum, Grænlandi, Noregi og Skotlandi. Áskorunin var að þróa góðar hugmyndir til að breyta áskoruninum sem fylgja veirufaraldrinum í tækifæri fyrir fólk og samfélög á Norðuratlantssvæðinu. Verðlaunafé var 30.000 danskar krónur fyrir fyrsta sætið, 20.000 danskar krónur fyrir annað sætið og 10.000 danskar krónur fyrir þriðja sætið.



Þátttakendur í NACC hakaþoninu voru 58 og voru 20% þeirra frá Íslandi, 48% frá Skotlandi, 16% frá Færeyjum, 12% frá Grænlandi og 4% frá Grænlandi. Sigurvegarar hakaþonsins voru þau Samuel Warnock og Rachael Bews frá Skotlandi með hugmyndina [Shop with Me. Face-to-Face Shopping Remotely](#). Í öðru sæti voru Egill Anton Hlöðversson, Daniella

Levins, Heather Thomson og Savanna Laing frá Íslandi og Skotlandi með hugmyndina [ParentEd](#). Í þriðja sæti voru Safa Jemai, Diego Balanos Pardo, Jonatan David Geraldo Rodriguez, Martin Gonzales Cuevas, Roberto Escoria frá Íslandi með hugmyndina [Medical Images Diagnosis With Artificial Intelligence DIMAI](#).



TÓRSHAVNAR KOMMUNA

KOMMUNEQARFIK
SERMERSOOQ



Nordic Atlantic
Cooperation



Highlands and Islands Enterprise
Iomairt na Gàidhealtachd 's nan Eilean

TÖKNI



City of Reykjavik

ÞÁTTTAKA ÍSLANDS

Ísland fór með formennsku í Norrænu ráðherranefndinni árið 2018 og var þá Hermann Sæmundsson frá Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu formaður NORA og NAUST. Á formennskuárinu tókst að ljúka gerð nýrrar stefnu Norrænu ráðherranefndarinnar um samstarf á Norður-Atlantshafssvæðinu (NAUST) og fá hana samþykkt. Í stefnumörkuninni er lögð áhersla á að styrkja tengsl lykilaðila á svæðinu, efla sjálfbæra þróun byggðarlaga og styrkja og þróa grunnatvinnuvegi. Forgangsröðun verkefna innan ramma NAUST byggir á velferðar- og jafnréttismálum, málefnum hafsins og bláa hagkerfisins, orkumálum, samgöngum og björgun á sjó, sjálfbærni í ferðaþjónustu og menningarmálum.

Norrænir ráðherrar byggðamála samþykktu stefnuna á fundi sínum í lok júní og í desember var ákveðið á vettvangi samstarfsráðherra Norðurlanda að veita alls 1 milljón danskra króna í fyrstu verkefni NAUST. Áður hafði stjórn NORA í Færeyjum ákveðið að veita 1,5 milljónir danskra króna í þessi frumkvæðisverkefni á næsta ári. NAUST hefur því verið tryggt verkefnafé að upphæð ríflega 45 m.kr. til að hefja framkvæmd strax á árinu 2020.

Til að leggja mat á árangur á þessum tímamarki framkvæmda Byggðastofnun könnun meðal íslenskra þátttakenda í NORA verkefnum. Könnunin var gerð í september 2020 í þeim tilgangi að meta árangur og gildi NORA fyrir Ísland og kanna viðhorf þátttakenda til áframhaldandi þátttöku Íslands í NORA. Svörun var 86%.

93% svarenda sögðu að það skipti frekar eða mjög miklu máli fyrir þeirra stofnun/fyrirtæki að það fékkst NORA styrkur fyrir verkefninu. Að auki sögðu 77% svarenda það ólíklegt eða mjög ólíklegt að þeirra stofnun/fyrirtæki hefði hrundið verkefninu í framkvæmd án styrks og samstarfs við hin NORA löndin.

Niðurstöður könnunarinnar benda til þess að verkefnið bæti samfélagið og skili árangri. 85% svarenda töldu að verkefni þeirra hefði orðið til þess að miðla þekkingu á milli einstaklinga, fyrirtækja og/eða svæða. 77% svarenda sögðu að verkefnið hefði stuðlað að framleiðslu á nýrri vöru og/eða þjónustu. 62% svarenda sögðu að verkefnið hefði stuðlað að nýsköpun og/eða frumkvöðlastarfsemi á landsbyggðinni. 31% svarenda sögðu að verkefnið hefði stuðlað að betri umhverfisstjórnun. 23% svarenda sögðu að verkefnið hefði orðið til þess að þróaðar hefðu verið nýjar lausnir við vinnslu afurða og bætt búsetugæði á landsbyggðinni. Þá sögðu 8% að verkefnið hefði stuðlað að auknu íbúalýðræði og bætt lífsgæði tiltekinna hópa í samfélaginu, s.s. eldri íbúa, innflytjenda og/eða ungs fólks. Þátttakendur gátu valið einn eða fleiri möguleika.

Enginn svarenda var neikvæður gagnvart möguleikanum að sækjast eftir þátttöku í NORA verkefni á næsta áætlunartímabili (2021 - 2024) en 75% svarenda þótti það líklegt eða mjög líklegt. 25% svarenda töldu það hvorki líklegt né ólíklegt að sækjast aftur eftir þátttöku í NORA verkefni.

Könnun Byggðastofnunar leiðir í ljós með afgerandi hætti að mikil ánægja er með verkefnastyrkina frá NORA. Hér á eftir eru nokkrar tilvitnanir í þátttakendum sem tóku þátt í spurningakönnuninni:





• Samstarf okkar við NORA og þau verkefni sem stofnað hefur verið til í gegnum NORA hafa öll gengið vel. Sum hafa verið mjög stór þar sem NORA var aðeins lítill styrktaraðili, en önnur hafa verið komið af stað vegna þess að NORA kom að verkefnunum.

• Ég er mjög ánægð með NORA og þátttöku mína í samstarfinu.

• Þátttaka í alþjóðlegu samstarfi hefur sjaldan verið jafn mikilvæg og nú. Löndin á svæðinu geta verið leiðandi á ýmsum sviðum, m.a. hvað varðar sjálfbær samfélög og umhverfismál. Mikilvægt er að Ísland njóti góðs af slíku samstarfi og hafi sitt að segja.

• Allt samstarf við nágrannalöndin er mikilvægt, ekki síst núna á tímum loftslagsbreytinga en einnig menningar sem á í vök að verjast.

• Fyrst og fremst er þetta gott verkfæri til að efla samstarf og tengslanet á milli svæða sem hafa margt sameiginlegt. Þegar traust, tengsl og skilningur hafa myndast á milli landa verða til margföldunaráhrif og afleidd tækifæri koma upp.

• NORA er mikilvægur vettvangur fyrir fyrirtæki að hefja samstarf og leita að aðilum sem geta aðstoðað við framkvæmd og rannsóknir verkefna á Norðurlöndum.

• NORA starfsvæðið er gott samstarfssvæði og þetta hefur opnað fyrir sterk tengsl við okkar nánustu nágranna og við höfum getað

lært hver af öðrum. Það eru fjöldamörg tækifæri til aukinnar þekkingaruppbyggingar, sérstaklega tengt orkuskiptum á sjó og t.d. orkuskiptum í fiskeldi.

• Ég vil lýsa ánægju minni yfir að NORA gaf okkur tækifæri til að hrinda í framkvæmd dýrri en mikilvægri vinnu, þ.e. að fara af stað með vefbækur á íslensku og gegnum NORA styrkinn urðu til tengsl við Færeyjar og Grænland sem hafa verið mjög mikilvæg og aldrei verið forsendur fyrir nema í gegnum styrkinn frá NORA.

Lítið var um gagnrýni hjá svarendum en sú gagnrýni sem birtist beinist helst að styrkuppþæðum.

Tilvitnanir í þátttakendum í könnuninni:

• Það mætti einnig bjóða upp á minni styrki fyrir smærri fyrirtæki sem þurfa að koma sér á þann stað að geta sóst eftir samstarfi við aðra.

• Helst mundi ég vilja sjá möguleika á hærri styrkuppþæðum - fyrir einstök verkefni og/eða að hægt sé að úthluta staðfestum styrk nokkur ár fram í tímann en ekki þannig að úthlutað er fyrir ár 1. og síðan þarf að sækja um aftur fyrir framhaldið.

Einnig kom fram gagnrýni á að NORA mætti vera sýnilegri. Þeirri gagnrýni var strax komið á framfæri til aðalskrifstofu NORA í Færeyjum sem ákvað í framhaldinu að halda opna upplýsingafundi á netinu þar sem starfsemi og styrkir NORA voru kynntir og þátttakendum gafst tækifæri á að fá svör við spurningum frá landstengiliðum og aðalskrifstofu. Upplýsingafundirnir voru haldnir strax í september. Fyrsti fundurinn var haldinn á dönsku og bárust landstengilið nokkrar fyrirspurnir í kjölfarið um hvort að væri hægt að halda sambærilegan fund á ensku, þar sem sumu Íslendingum þótti erfitt að taka þátt í fundinum á dönsku. Brugðist var við því og var annar sambærilegur upplýsingafundur haldinn viku seinna á ensku. 19 Íslendingar tóku þátt á þeim fundi, sem fór fram á Zoom.



ÍSLENSKIR STYRKÞEGAR

Á árunum 2017 til 2020 hafa 34 verkefni með íslenski aðkomu hlotið styrk frá NORA og þar af 10 verkefni sem Ísland hefur leitt. Þau verkefni sem Ísland hefur leitt hlutu samtals 2,8 milljónir danskra króna í styrk og voru m.a. á sviðum ferðapjónustu, lífhagkerfis, upplýsingatækni o.fl.

[Á heimasíðu NORA](#) má sjá lista yfir þau verkefni sem hafa hlotið styrki og hægt er að sía eftir árum, löndum og áherslusviðum.


ÁBERANDI VERKEFNI MEÐ ÍSLENSKA AÐKOMU

UNGMENNI
OG LÍFFRÆÐILEGUR FJÖLBREYTTILEIKI



ÞARI Á NORÐUR-
ATLANTSHAFSSVÆÐINU

DIGITAL NORDIC



AÐGENGI FATLAÐRA
AÐ FERÐAMANNASTÖÐUM

UNGMENNI OG LÍFFRÆÐILEGUR FJÖLBREYTILEIKI

Grundvöllur verkefnisins eru áætlanir Norðurlandaráðs til að fá norræn ungmenni til að taka þátt í umbótum á sáttmálanum um líffræðilega fjölbreytni (CBD - Convention on Biological Diversity). Norðurlandaráð æskunnar (UNR - Ungdommens Nordiske Råd) með í verkefnið. Landsamband ungmennafélaga (LUF) leiðir verkefnið.

Haldin var ráðstefna ungs fólks um líffræðilega fjölbreytni á vormánuðum ársins 2020.

MÁLAFLOKKUR

Annað

AÐILDARLÖND

Ísland, Færeyjar, Grænland

ÁR

2020

STYRKUR

DKK 200.000



ÞARI Á NORÐUR- ATLANTSHAFSSVÆÐINU

Strendur Norðuratlantshafs eru ríkar af þara og þangi, m.a. beltispara (*Saccharina latissima*) og marinkjarna (*Alaria esculenta*). Efni verkefnisins er að þróa aðgengilegan aðgerða- og verkferlapakka til að meta gæði landsvæða til ræktunar mismunandi þarategunda á Norðuratlantshafssvæðinu. Þekkingin verður gerð aðgengileg fyrir stofnanir og einkaaðila sem hafa aðkomu að þararækt, svo sem við þróun reglna fyrir iðnaðinn eða fyrir fyrirtæki sem vilja hefja slíka ræktun. Markmiðið er að greiða götu sjálfbærs þaraiðnaðar á Norðuratlantshafssvæðinu.

MÁLAFLOKKUR

Lífhagkerfi

AÐILDARLÖND

Ísland, Noregur, Grænland

ÁR

2020

STYRKUR

DKK 500.000



DIGITAL NORDIC

Efni verkefnisins er að þróa sameiginlegan tæknigrunn (d. iBog) til útgáfu og framleiðslu á stafrænu kennsluefni fyrir íslenska, færeyska og grænlandska skóla. Sniðmát kennsluefnisins er staðlað og verður útgefið á færeysku, íslensku, grænlandsku og dönsku.

MÁLAFLOKKUR

Upplýsinga- og fjarskiptatækni

AÐILDARLÖND

Ísland, Færeyjar, Grænland

ÁR

2019, 2018, 2017, 2016, 2015, 2014

STYRKUR

DKK 875.000



AÐGENGI FATLAÐRA AÐ FERÐAMANNASTÖÐUM

Efni verkefnisins er að auka og bæta aðgengi fatlaðra á vesturnorðurlöndum. Markmiðið er að þróa handbók sem mun verða þekkingarbrunnur af fyrirmyndarlausnum í þátttökulöndum. Handbókin mun verða aðgengileg jafnt fyrirtækjum sem opinberum stofnunum sem hafa aðkomu að ferðapjónustu. Handbókin mun aðstoða fyrirtæki og stofnanir að koma auga á tækifæri til að auka og bæta aðgengi hreyfihamlaðra.

MÁLAFLOKKUR

ferðapjónusta

AÐILDARLÖND

Ísland, Færeyjar

ÁR

2018, 2017, 2016, 2015

STYRKUR

DKK 300.000





BYGGÐASTOFNUN